

Þorrablót Fnjóskdæla

verður haldið í Stórutjarnaskóla
laugardagskvöldið 1. febrúar 2014.

Diskar og glös verða á borðum en ekki hnífapör.

Húsið verður opnað kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:30.

Hljómsveitin Einn og sjöttú leikur fyrir dansi.

Sjoppan verður opin.

Miðaverð 2.500 kr. Aldurstakmark 16 ár.

*Þátttaka tilkynnist fyrir klukkan 19:00
fimmtudagskvöldið 30. janúar.*

Agnes	s: 4622320
Svanhildur	s: 4626914
Gulla	s: 4622002
Teitur	s: 8643080
Rúnar	s: 4626797
Ingvar	s: 4626893



Ath: ekki posi á staðnum

Sætaferðir frá umferðarmiðstöðinni á Akureyri
kl 19:30 ef næg þátttaka næst.

Pantanir í síma 892-2616.



Frá Sundlauginni á Laugum

Athugið að vegna viðhalds verður sundlaugin lokað

eftir morgunopnun **fimmtudaginn 30. janúar og**

föstudaginn 31. janúar.

Forstöðumaður

Til 60 ára og eldri í Þingeyjarveit frá ferðanefnd FEBP árið 2014

Eins og áður hefur komið fram verður stefnan tekin í Stykkishólm, ekki í sumar heldur fyrir sumarmálin á svonefnda „Unaðsdaga“ á Hótel Stykkishólmi dagana 31. mars til 4. apríl næst komandi. Þar er boðið uppá fjölbreytta dagskrá sem við munum nýta okkur. Við verðum með bíl frá Fjallasýn, tökum einn dag í skoðunarferð um nesið og ef okkur sýnist líka skemmri ferðir um nágrennið og bæinn.

Áætlað verð er kr. 50 til 60 þúsund, fer eftir þátttöku. Við komum til með að blanda geði við fleiri, þar sem Unaðsdagar eru opnir öllum eldri borgurum og ferðanefnd hefur ákveðið að ef við í Þingeyjarsveit fyllum ekki kvótann í ferðina munum við bjóða einhverjum félögum í nágrenninu að taka þátt með okkur. Þess vegna, og hótelsins líka, þurfum við að vera tímanlega með þátttöku áætlun og biðjum ykkur félagar góðir að sækja um ferðin fyrir 16. febrúar.

Ferðanefnd skipa:

Gunnhildur Ingólfssdóttir sími 464 3502 / 862 5632

Aðalbjörg og Þórsteinn sími 464 3121 / 8980621

og taka þau við skrángu.

Fjölmennum í Stykkishólm, njótum daganna í fallegu umhverfi, látum dekra við okkur og skemmtum okkur saman.

Ferðanefndin 2014



Forstöðumaður sundlaugarinnar á Laugum

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns við sundlaugina á Laugum. Helstu verkefni eru umsjón með starfsemi og rekstri sundlaugarinnar, starfsmannahald, skipulag vakta o.fl. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. mars. n.k.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Staðlað sundpróf og skyndihjálp
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfsemi sundlauga
- Jákvaðni og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist skriflega til sveitarstjóra, Kjarna, 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is



Rekstur verslunar í Vaglaskógi

Auglýst er eftir rekstraraðila að versluninni í Vaglaskógi. Verslunin er starfrækt yfir sumartímann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k. Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflegar umsókn til sveitarstjóra, Kjarna 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is

Æskulýðsmót

Helgina 7.-9. febrúar verður haldið æskulýðsmót á Grenivík fyrir ungmenni í

8.-10. bekk á Norður-og Austurlandi. Mótið hefst kl. 18.00 á föstudeginum og endar með æskulýðsguðsþjónustu í

Grenivíkurkirkju kl. 11.00 á sunnudeginum og er guðsþjónustan sú öllum opin. Á mótinu verður bæði fræðsla og skemmtun og

sömuleiðis hin annálaða hæfileikakeppni HÆNA (hæfileikakeppni Norður-og Austurlands). Nú væri gaman að sjá sem flest ungmenni úr Laufásprestakalli, þar sem mótið er haldið í prestakallinu þeirra.

Gist verður í Grenivíkurskóla og ófáir fullorðnir leiðtogar munu halda vel utan um þetta æskulýðsmót. Mótsgjald er 7500kr. Allt á mótinu er innifalið í því verði, matur, gisting, dagskrá o.fl. Börnin

hér í prestakallinu myndu hins vegar útvega sér ferðir til og frá mótsstað. Mikilvægt að hafa með sér dýnu og svefnpoka. Skráning þarf að fara fram fyrir þriðjudaginn 4. febrúar og það má hafa samband við undirritaðann í s. 8645372 eða senda línu á

bolli@laufas.is

Sjáumst á æskulýðsmóti ! Bestu kveðjur, Bolli

Geðorð vikunnar

Hreyfðu þig daglega það léttir lundina.

Æskilegt er að stunda hreyfingu reglulega alla ævi og aldrei er of seint að byrja. Regluleg hreyfing er ekki aðeins mikilvæg til að minnka líkur á ýmsum sjúkdómum, hún er ekki síst mikilvæg til að auka líkamlegan og andlegan styrk og vellíðan svo okkur gangi betur að takast á við verkefni dagslegs lífs. Flestir ættu að geta stundað einhvers konar hreyfingu í frítíma sínum, í næsta nágrenni við heimili sitt, án mikillar fyrirhafnar, tíma eða kostnaðar. Það er gott að njóta samvista við vini og fjölskyldu með því að fara í röska gönguferð eða fara út að leika. Þannig gerum við eitthvað ánægjulegt og uppbyggilegt fyrir sjálfa okkur og okkar nánustu og erum góðar fyrirmyndir fyrir börnin okkar. Hreyfingin þarf ekki að vera tímafrek eða erfið til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og stuðla að vellíðan. **Lítið getur gert mikið!**



Ágætu Þingeyingar

Nú er lyftan fina farin að þjóta milli hæða í Safnahúsinu, reiðubúin að þjóna Þingeyingum og þeirra gestum um ókomin ár. Allar sýningar í húsinu og skrifstofur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga eru opnar frá 10-16 alla virka daga.

Beðist er velvirðingar á ónæðinu sem framkvæmdirnar kunna að hafa valdið.

Málverkasýning Sigurðar Hallmarssonar

Sýningaropnun föstudaginn 31. janúar kl. 17-19. Á sýningunni er mikill fjöldi nýrra verka eftir listamanninn góðkunna. Verkin verða sýnd bæði í sal á efstu hæð og á jarðhæð. Sýningin verður opin 17-19 sunnudaginn 2. febrúar og síðan á opnunartíma safnsins.

Boðið verður upp á kaffi og kruderi, í tilefni af sýningaropnun og tilkomu lyftunnar.

Allir velkomnir



Fyrirhuguð er ferð til Færeyja þann 28. maí til 3. júní 2014 fyrir heldri borgara u.þ.b. 60 ára og eldri, ef næg þáttaka fæst.

Farið verður frá Húsavík þann 28. maí, ekið til Seyðisfjarðar og þaðan siglt til Þórshafnar í Færeyjum og siglt til baka frá Þórshöfn þann 2. júní, komið til Seyðisfjarðar 3. júní og keyrt samdægurs heim.

Gist verður fjórar nætur í Þórshöfn 29. maí – 2. júní
Þórshöfn og athyglisverðir staðir í eyjunum verða skoðaðir á meðan á dvölinni stendur.

Allur akstur og skipulag verður í höndum Fjallasýnar og um leiðsögn sér Arni Vilhjálmsson

Verð áætlað á bilinu 155-175.000 (eftir fjölda þátttakenda)
Þátttaka og upplýsingar hjá Huldu Jónu í síma 464-3940



DALAKOFINN

Þá fer að líða að næsta Dalasvari, en það verður haldið nk. laugardag, 1. febrúar kl. 21. Reglur með hefðbundnu sniði, mætum og höfum gaman.

Þá verða leikir úr enska boltanum sýndir á breiðtjaldinu sama dag, 1. feb.

Verið ávallt velkomnir,
Dalakofinn / Útibú ehf.
464-3344 | dalakofinn.is

Þorralblót Ljósvefninga

Þorralblót Ljósvefninga verður haldið í Ljósvefningabúð laugardagskvöldið 8. febrúar

nk. og hefst kl 20:30

Húsið opnar kl 19:45

Hljómsveitin „Sérsvaitin“ leikur fyrir dansi

Miðaverð kr 3.000-

- aldurstakmark 16 ára

Diskar og glös verða á borðum en takið með ykkur hnífapör og drykki

Þátttaka tilkynnist fyrir kl 20:00

miðvikudagskvöldið 5. febrúar til:

Heiðu: s: 894-2990

Ólafs: s: 464-3356 / 895-6220



Athugið sérstaklega að þar sem einungis er leyfilegt að hafa 250 manns í húsinu á þorralblótum er fólk vinsamlegast beðið um að takmarka gestafjölda.

Fólk er hvatt til að greiða miða í heimabanka inn á reikning nr 1110-05-403403, kt. 100557-7899 til og með fimmtudegi 6. febrúar. Þeir sem það gera þurfa að sýna kvittun í miðasölu. Annars verða miðar seldir við innganginn en athugið að enginn posi er á staðnum.

Þorralblótsnefnd

4.tbl.
30. janúar
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



ÞORRALBLÓT EFLINGAR

verður haldið laugardaginn 8. febrúar á Breiðumýri. Húsið opnar klukkan 20:00 og skemmtunin hefst klukkan 20:30.

Hljómsveitin Gourmet leikur fyrir dansi.

Miðaverð er 3000 kr.

Skráning fyrir klukkan 20:00 miðvikudaginn 5. febrúar.



Freydís s. 867 8465
Friðrika s. 894 7609
Kristrún s. 896 9956

Þriðja árs nemar við Framhaldsskólann á Laugum verða með sjoppu á staðnum.

Mætum hress og tökum með okkur fullt af gestum :)

Nefndin